



JAFNLAUNASTAÐFESTING

Endurnýjun

JÚLÍ 2025

Endurnýjun jafnlaunastaðfestingar

Jafnlaunastaðfesting er staðfesting Jafnréttisstofu á því að lögð hafi verið fram gögn sem sýna fram á, með fullnægjandi hætti, að launakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns.

Jafnlaunastaðfestingu skal endurnýja á þriggja ára fresti. Við endurnýjun skal liggja fyrir mat á framgangi úrbótaáætlunar þegar það á við og það mat haft til viðmiðunar þegar ákvörðun um endurnýjun er tekin.

Forsenda þess að öðlast jafnlaunastaðfestingu er gild jafnréttisáætlun. Jafnréttisáætlun öðlast gildi við formlegt samþykki Jafnréttisstofu.

Við endurnýjun á jafnlaunastaðfestingu skal skila eftirfarandi gögnum til Jafnréttisstofu í gegnum þjónustugátt:

1. **Jafnlaunastefna** - Stefna fyrirtækis eða stofnunar í jafnlaunamálum.
Jafnlaunastefna er undirrituð yfirlýsing um að allir starfsmenn skuli njóta jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
2. **Starfaflokkun** fyrirtækis eða stofnunar út frá fyrir fram ákveðnum hlutlægum viðmiðum þar sem lagt er mat á þær kröfur sem störf gera til starfsfólks, svo sem út frá ábyrgð, álagi, hæfni og vinnuaðstæðum, þannig að saman flokkist sömu eða jafn verðmæt störf.
3. **Launagreining** sem byggist á ofangreindri starfaflokkun (skv. 3. tölulið) og sýnir meðaltal fastra mánaðarlauna fyrir dagvinnu, fastar viðbótargreiðslur fyrir störf og allar aukagreiðslur eftir kynjum. Niðurstöður launagreiningar hvað varðar kynbundinn launamun hafi verið kynntar starfsfólki fyrirtækis eða stofnunar og séu þeim aðgengilegar, að teknu tilliti til persónuverndarsjónarmiða. Taka skal tillit til allra þátta launa og kjara.
4. **Áætlun til úrbóta** þar sem það á við.
5. **Samantekt æðsta stjórnanda** þar sem fram koma ítarlegar skýringar á því hvernig unnið hefur verið með jafnlaunakerfið á gildistímanum og hvernig það verður gert áfram. Sérstaklega skal gera grein fyrir framgangi úrbótaáætlunar þegar það á við.

Ef umsóknargögnin uppfylla skilyrði 8. gr. að mati Jafnréttisstofu er fyrirtækinu veitt endurnýjun á jafnlaunastaðfestingu.

Vakin er athygli á heimild Jafnréttisstofu til að beita dagsektum öðlist fyrirtæki eða stofnun ekki endurnýjun á jafnlaunastaðfestingu innan tilskilins tíma.

Hlutverk Jafnréttisstofu

Jafnréttisstofa starfar skv. lögum nr. 151/2020 um stjórnslu jafnréttismála og hefur eftirlit með lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar.

**Ef eitthvað er óljóst og / eða ef einhverjar spurningar vakna
er alltaf hægt að leita til Jafnréttisstofu.**



Jafnréttisstofa